

244. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 2. FEBRÚAR 2016 KL 9:00

haldinn á Biskupsstofu

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning
2. Bréf framkvæmdastjóra kirkjuráðs dagsett 29. janúar 2016 til kirkjuráðs
3. Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 10:00. Mætt voru auk vígslubiskups Skálholtsumdæmis, séra Kristjáns Vals Ingólfssonar, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Biskup Íslands vék sæti á fundinum á grundvelli 15. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

2. BRÉF FRAMKVÆMDASTJÓRA Í GARÐ BISKUPS ÍSLANDS

Fundinum stýrði vígslubiskupinn í Skálholti. Kirkjuráð ákvað að ekki væri kallaður til fundaritari heldur yrði samþykkt bókun í lok fundar.

Efni fundarins var bréf framkvæmdastjóra kirkjuráðs dagsett 29. janúar 2016 til kirkjuráðs.

Bókun: Kirkjuráð hefur tekið til umfjöllunar bréf framkvæmdastjóra kirkjuráðs dagsett 29. janúar 2016. Varðandi fyrsta lið bréfsins tekur kirkjuráð fram að það er ekki aðili að bréfaskriftum til Ríkisendurskoðunar varðandi störf framkvæmdastjórans.

Kirkjuráð felur vígslubiskupi að vinna að lausn málsins og skila tillögum til kirkjuráðs 22. febrúar 2016 eða fyrr.

3. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15

Næsti fundur kirkjuráðs verður í Skálholti 8. mars nk.

Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup Skálholtsumdæmis

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.